

6. gr.

52

3. apríl

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn fyrst um sinn: sóknarprestur Stóra-Núps prestakalls, oddviti Gnúpverjahrepps, og kona, sem stjórn Kvenfélags Gnúpverja kýs. Skipi sami maður fleiri en eina af stöðum þessum, kýs kvenfélagið (eða hreppsfundur) hinn þriðja mann.

Þegar sjóðurinn hefur vaxið að mun, og farið er að veita styrk úr honum, sé heimilt að bæta tveim mönnum í stjórnina, og er hún þá skipuð 5 mönnum, sé annar kosinn á aðalfundi Kvenfélags Gnúpverja, en hinn kosinn á hreppsfundi. Stjórnin kýs sér formann.

Stjórnin annast fjárhag sjóðsins og ræður úthlutun styrktarfjár.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksár. Formaður gerir ársreikninga sjóðsins, en aðrir tveir stjórnarmenn endurskoða þá. Skulu þeir ritaðir í sérstaka bók og sýndir á aðalfundum Kvenfélags Gnúpverja, og á hreppsfundum í Gnúpverjahreppi eigi sjaldnar en annað hvort ár. Þeir skulu og birtir í Lögbirtingablaðinu.

8. gr.

Komi sú tíð, að vextir þeir, er til útborgunar falla, verði svo miklir, að sýnt sé, að framvegis verði engin þörf á þeim öllum til styrktar ekkjum, ekkjumönnum eða munaðarlausum börnum, má verja nokkru af þeim til annarra líknarstarfa.

9. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ**um skemmtanaskatt í Neskaupstað.**

53

12. apríl

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóv. 1918 sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatt af öllum skemmtunum fyrir almennung, sem haldnar eru í Neskaupstað og ekki eru sérstaklega undanþegnar skatti samkv. nefndum lögum.

2. gr.

Skattskyldar skemmtanir eru þessar og flokkast þannig:

1. flokkur:

- a. hljómleikar og söngskemmtanir,
- b. sjónleikar,
- c. kappleikar og sýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í,
- d. kvikmynda- og skuggamyndasýningar,
- e. tombólur, bögglauppboð og happdrætti.

2. flokkur:

- a. dansleikar,
- b. danssýningar,
- c. loddara- og fjölleikasýningar,
- d. allar aðrar almennar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki eru taldar sérstaklega.

53

12. apríl

3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem taldar eru í fyrsta flokki skal greiða 10% en 20% af skemmtunum þeim, sem taldar eru í 2. flokki. Ef skemmtun er margþætt skal miða skattinn við þann þáttinn, sem hæst er skattlagður. Skatturinn er hundraðsgjald af innangseyri.

4. gr.

Bæjarstjóri getur, þegar sérstaklega stendur á, veitt undanþágu frá skattgreiðslu fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðarskyni eða til eflingar fræðslu- og menningarstarfsemi í bænum.

5. gr.

Bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur eftirlit með því að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu skattsins og hefur eftirlit með skemmtunum og sölu aðgöngumiða ef þurfa þykir. Getur hún ráðið til þess sérstakan mann fyrir sína hönd og nefnist hann þá eftirlitsmaður skemmtana.

6. gr.

Hver, sem halda vill skemmtun sem aðgangur er seldur að, skal tilkynna bæjarstjóra eða eftirlitsmanni skemmtana hvar og hvenær skemmtunin skuli haldin. Afhendir þá bæjarstjóri (eftirlitsmaður) aðgöngumiða svo marga er ætla má að nægi. Gerð miðanna ákveður bæjarstjóri og greiðist kostnaður við þá af skattatekjunum. Þegar er samkomu er lokið eða í síðasta lagi 2 dögum síðar, skal sá, er fyrir skemmtuninni stóð, afhenda bæjarstjóra (eftirlitsmanni) alla ónotaða aðgöngumiða og greiða um leið skattinn samkv. 3. grein. Bæjarstjóri getur þó ákveðið, að skatturinn skuli greiddur fyrirfram um leið og miðar eru afhentir.

7. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skemmtanaskatts. Ef fleiri en einn standa fyrir skemmtun, ábyrgjast þeir einn fyrir alla og allir fyrir einn greiðslu skattsins. Stjórn félags er ábyrg fyrir skatti af skemmtunum sem félag heldur.

8. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í sérstakan sjóð, er bæjarstjórn varðveitir. Fé sjóðsins skal varið til þess að koma upp eða styrkja samkomuhússbyggingu í bænum eftir ákvörðun bæjarstjórnar, en að því fengnu skal sjóðnum varið til einhverrar menningarstarfsemi í bænum eftir því sem bæjarstjórn ákveður á hverjum tíma.

Reikningar sjóðsins skulu fylgja reikningum bæjarins og endurskoðast og úrskurðast með þeim.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að þúsund krónum. Sé brotinu þannig háttað, að undan hafi verið dreginn skemmtanaskattur, skal lágmark sektar í minnsta lagi nema ferfaldri þeirri upphæð, sem undan hefur verið dregin, þó ekki yfir þúsund krónum.

Mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal fara með sem almenn lög- reglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 12. apríl 1944.

Einar Arnórsson.

Ragnar Bjarkan.